

ingum á þeim lögum frá 29. maí 1957, afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort önnur félög eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr, en úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

11. gr.

Þess skal gætt, að húseign, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

12. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, er spjöllunum valda.

13. gr.

Í félagsheimilinu ber að hlíta almennum ákvæðum gildandi áfengislaga á hverjum tíma.

14. gr.

Á nokkrum stöðum í húsinu skulu vera innrammaðar reglur um umgengni manna og hegðun í húsinu.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 8. gr. laga nr. 77 1947, um félagsheimili, öðlast gildi, þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanritaðar reglur staðfestast hér með.

Í menntamálaráðuneytinu, 13. desember 1963.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um umferð í Keflavíkurkaupstað.

Með heimild í 55. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 hefur verið ákveðið, að á einstefnuakstursgötum í Keflavíkurkaupstað skuli bifreiðum lagt við hægri brún akbrautar miðað við akstursstefnu.

Bæjarfógetinn í Keflavík, 30. desember 1963.

Hákon H. Kristjánsson, ftr.